

Nd.

507. Frumvarp

til laga um húsagerð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala,
2. viðbót við geðveikrahælið á Kleppi,
3. íbúðarhús á Hvanneyri og
4. íbúðarhús og skólahús á Eiðum.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð rikissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er gert ráð fyrir sumum framangreindum byggingum í fjárlögum þeim og fjáraukalögum, er stjórnin lagði fyrir þingið 1919. Er því um þær byggingarnar vísað til athugasemdar í umgetnum lagafrumvörpum. Að öðru leyti skal það tekið fram, sem hér segir.

Allar þessar byggingar þurfa að komast upp þegar í stað, að kalla má, en þær kosta samtals svo mikið fje, að ekki virðist fært að taka það alt af reglulegum fjárveitingum til tveggja fjárhagstímabila. Þykir því rjett að reisa þessi hús fyrir lánsfje og jafna þannig kostnaðinum á nokkuð langt árabíl. Því er það ráð tekið að bera fram lagafrumvarp þetta.

Um landsspítala. Auk þess, sem áður er sagt um þetta mál, skal vísað til eftirritaðrar yfirlýsingar nýafstaðins aðalfundar læknafjelags Íslands:

»Læknafjelag Íslands lýsir því yfir, að vegna núverandi erfiðleika á kenslu læknaefna, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, auk spítalaþarfar sjúklinga, beri brýna nauðsyn til að reisa landsspítala hið allra fyrsta, og skorar á Alþingi, sem nú er saman komið, að veita nægilegt fje til þess, að nefnd, er stjórnarráðið skipi, leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi fullkomna áætlun um stærð og annað fyrirkomulag spítalans. Telur fundurinn óhjákvæmilegt, að það þing veiti nægilegt fje til byggingarinnar, þannig að unt verði að byrja verkið ekki síðar en snemma á árinu 1922«.

Um geðveikrahælið á Kleppi. Alþingi hefir þegar viðurkent nauðsynina á viðbót við geðveikrahæli þetta og veitt nokkurt fje til undirbúnings. Það er og vitanlegt, að svo að segja hverri sveit stafa vandræði af því, að ekki er hægt að taka á móti fleirum sjúklingum í hælið en nú komast fyrir.

Um íbúðarhús á Hvanneyri. Íbúðarhúsið á Hvanneyri brann seint á árinu 1917, og verður að reisa það aftur.

Um íbúðar- og skólahús á Eiðum. Ef skólinn á Eiðum á að koma að fullum notum, verður að reisa þar hús svo fljótt, sem því verður á nokkurn hátt við komið.

Kostnaðinn við framantaldar byggingar er ekki hægt að segja um. Sjerstaklega er örðugt að áætla kostnað við byggingu landsspítala; en með því að varla getur verið um það að ræða að byrja að reisa hann fyr en í fyrsta lagi

seint á árinu 1921, er sjálfsgagt, að Alþingi verður gefið færi á að segja álit sitt um teikningar hans og kostnaðaráætlanir.

Hinar þrjár byggingarnar, að meðtöldum húsbúnaði í geðveikrahælið, má eftir þeim skýrslum, er nefndin hefir í höndum, búast við að kosti 800—900 þús. krónur.